



Reykjavík 5. október 2020

Efni: Fjöldatakmörkanir vegna neyðarstigs- bókasöfn

Reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 957 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tekur gildi 5. október og gildir til og með 19. október nk. hefur eftirfarandi áhrif á bókasöfn.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar til 19. október 2020. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 20 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Þó mega ekki vera fleiri en svo í rými að 1 metri geti verið á milli óskyldra aðila. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 einstaklingar inni í sama rými, kaffihúsum, og mótuneytum.

Neyðarstig almanna- og bókasöfna vegna COVID-19 hefur tekið gildi og því mikilvægt er að hafa í huga almennar sóttvarnaráðstafnir.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hanskanothun.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lyklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Minna gesti bókasafna á handhreinsun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.

Á bókasöfnum er þar að auki æskilegt að huga að:

- Veiran lifir skemur á pappír en plasti.
- Bækur og plastaðar tímaritskápur er rétt að sótthreinsa að utanverðu ef kostur er áður en gengið er frá þeim í hillur.
- Ekki þarf að hreinsa innri síður.

- Draga úr fjölda gesta í bókasafni hverju sinni, t.d. með því að hafa tímamörk á notkun tölva ef þær eru til almenningsnotkunar.
- Ekki hafa í boði leikföng, dagblöð eða tímarit til að lesa á staðnum,
- Ekki bjóða upp á kaffi, loka setustofum o.s.frv.

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna